Aðalfundur foreldrafélagsins 29. september 2026

1. **Setning aðalfundar**
   Bjarnheiður setur fundinn kl. 19:30 á efri hæðinni á Miðbar.

2. **Kosning fundarstjóra og fundarritara**
   Bjarnheiður Böðvarsdóttir kosin fundarstjóri og Margrét Elín Ólafsdóttir fundarritari.

3. **Skýrsla stjórnar sl. skólaár**
   Ragnheiður Kristinsdóttir, formaður foreldrafélagsins, fer yfir skýrslu stjórnar fyrir skólaárið 2025–2026.
   Í skýrslu kemur fram að samvinna og samstaða foreldra skipti miklu máli fyrir öflugt starf foreldrafélagsins. Starfið er fjölbreytt og félagið styður meðal annars við viðburði og verkefni í skólastarfinu. Gott samstarf er við skólastjóra.
   Öryggismál hafa verið í forgrunni, meðal annars umferðarmál, umferðarljósin og öryggi á skólalóð. Bein samskipti voru við Braga bæjarstjóra í byrjun skólaárs varðandi umferðarljósin. Einnig var unnið að innleiðingu farsældarsáttmála í samstarfi við Heimili og skóla. Formaður leggur áherslu á að allir foreldrar séu hluti af foreldrafélaginu og að samstillt átak skapi öflugra starf. Mikilvægt sé að tala fallega og jákvætt um skólastarfið en jafnframt ræða það sem betur mætti fara við rétta aðila.
   Nýtt fyrirkomulag var við val á bekkjartenglum síðastliðið skólaár. Þar var brugðið á það ráð að draga um hlutverk tengla í þeim bekkjum þar sem ekki höfðu fengist sjálfboðaliðar.
   Skýrsla stjórnar verður birt á heimasíðu skólans og Facebook-síðu foreldrafélagsins.

4. **Gjaldkeri fer yfir ársreikning**

   Júlíana Gústafsdóttir Eriksson, gjaldkeri, fer yfir ársreikning félagsins.

   Helstu atriði ársreiknings eru eftirfarandi:

   - Félagið átti tæpa eina milljón króna í upphafi skólaársins 2025–2026.
   - Bekkjartenglar geta sótt um styrk að upphæð 500 kr. á barn á önn, en nýting þess var ekki mikil á síðasta skólaári. Þar eru því tækifæri til úrbóta.
   - Greitt var fyrir kynningu á farsældarsáttmála í samstarfi við Heimili og skóla.
   - Kostnaður vegna fundarhalda var greiddur, þar á meðal vegna lokafundar foreldrafélagsins á Kaffi Krús.
   - Keyptar voru tertur fyrir starfsfólk við skólalok.
   - Keypt voru endurskinsvesti fyrir nemendur í 1. bekk.

- Félagið styrkti heimsókn Páls Óskars í skólann. Hann kom sem leynigestur og söng með nemendum við atriði þeirra sem krýndi þau sigurvera á hæfileikakeppni Skjálftans.
- Félagið styrkti ferðalag nemenda í 10. bekk.

Heildarútgjöld ársins námu um hálfri milljón króna. Alls greiddu 334 heimili félagsgjald og staða bankareiknings í lok tímabilsins var rúm ein milljón.

Engin athugasemd gerð við ársreikning og er hann því samþykktur.

5. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga

Spurt er um styrki foreldrafélagsins til ferðalaga nemenda í 10. bekk. Félagið hafði áður veitt slíkan styrk, meðal annars á tímum COVID-19 þegar erfitt var fyrir nemendur að safna fyrir ferðinni. Styrkurinn nú var 1.500 kr. á nemanda. Jákvæð viðbrögð frá fundargestum og er vel tekið í að halda áfram að styrkja ferðalag 10. bekkjar.

Rætt er um lengd ferðalags 10. bekkjar og óskir um að það yrðu tvær nætur í stað einnar. Einnig er bent á mun á ferðalögum nemenda milli skóla og að fyrirkomulagið ætti að vera svipað milli ára vegna jafnréttis og systkini upplifi svipaðar ferðir.

Foreldrafélagið hefur sent bréf varðandi möguleika á að senda nemendur í 7. bekk í ferðalag eins og til dæmis á Reyki. Einnig er rætt um að félagið gæti boðist til að borga rútuferðir ef kostnaður við ferðir strandi á því.

Spurt er um tenglasjóðinn. Félagið greiðir 500 kr. á nemanda fyrir skólaárið og bekkjartenglar geta lagt út fyrir kostnaði og sent reikning til foreldrafélagsins. Í framhaldi af því er spurt um greiðslur til foreldrafélagsins. Árgjald foreldrafélagsins er 2.000 kr. og meirihluti heimila greiðir gjaldið.

6. Lagabreytingar (ef tillögur liggja fyrir)

Engar tillögur um lagabreytingar liggja fyrir.

7. Ákvörðun um árgjald/félagsgjald félagsins

Rætt er hvort ástæða sé til að hækka árgjald foreldrafélagsins. Núverandi árgjald er 2.000 kr. á heimili. Fram kemur tillaga um að hækka árgjaldið í 2.500 kr. og framlag í tenglasjóði hækkaði um 500 kr. á nemanda. Niðurstaða umræðunnar er að halda árgjaldinu óbreyttu í 2.000 kr., en hækka frekar framlag í tenglasjóð í 1.000 kr. á nemanda fyrir skólaárið vegna þess að eftirstöðvar síðasta árs eru það miklar. Fundargestir samþykkja þessa hækkun.

8. **Kosning stjórnar og skoðunarmanna reikninga**

Ákveðið er að núverandi stjórn haldi áfram störfum.

Stjórn foreldrafélagsins 2026-2027:

Bjarnheiður Böðvarsdóttir, varaformaður
Júlíana Gústafsdóttir Eriksson, gjaldkeri
Lilja Írena H. Guðnadóttir, fjöltengill
Margrét Elín Ólafsdóttir, ritari
Ragnheiður Kristinsdóttir, formaður
Signý Bergsdóttir

Varamenn stjórnar eru Díana María Líndal Stefánsdóttir og Íris Rut Þorgeirsdóttir. Skoðunarmaður reikninga er María Ágústsdóttir. Enn á eftir að finna einn til viðbótar með henni.

9. **Önnur mál – símanotkun í skólum**

Fjölskyldusvið Árborgar óskaði eftir athugasemdum og ábendingum frá foreldrafélaginu um reglur varðandi símanotkun og símafrí í skólum sveitarfélagsins og biðjum við foreldra um að tjá skoðanir sínar á þessu máli.

Fyrst er nefnt að reglur um símanotkun verði að vera skýrar og að símar séu almennt ekki notaðir í skólanum. Spurning hvort nemendur eigi að geyma síma heima eða ef nemendur koma með símann í skólann ætti að vera slökkt á honum og geymdur í tösku. Rök eru gefin fyrir því að nemendur megi koma með símann í skóla vegna einstaklingsbundinna þarfa sinna. Rætt er um möguleikann á að nemendur setji síma í hólf eða körfur yfir skóladaginn. Bent er á þá ábyrgð sem hvíli þá á kennurum við framkvæmd og eftirfylgni reglnanna og hvort ætti að leggja það á þá. Einnig er rætt um hvort foreldrafélagið gæti átt samtal við unglingastigið um leiðir til að styðja við símafrí, meðal annars með því að kaupa spil eða aðra afþreyingu. Tillaga kom fram um að foreldrafélagið útvegaði símavasa, en einnig komu fram sjónarmið um að ekki væri þörf á að félagið keypti slíkt. Fram kom að mikilvægt væri að gera ekki meiri breytingar en þörf væri á og að útfærslan yrði skýr og framkvæmanleg fyrir starfsfólk skólans.

Einnig er rætt um reglur og ábyrgð skóla á útvegun tækja til náms. Bent er á að margir nemendur hefðu keypt I-pad eða önnur tæki sem töluðu ekki alltaf saman við kerfið sem er nýtt við lærdóm í skólanum. Chromebook-tölvur væru nú nýttar við námið en umræðan ekki verið mikil um þau tæki.

Mikilvægt er að þessi sjónarmið foreldrafélagsins komist til skila í samráðsferlinu.

Fundarstjóri slítur fundi kl. 20:12.